

REGLUR

um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals um váttryggingarsamninga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um dreifingu skaðatrygginga og þeirra persónutrygginga sem falla undir 20. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, sbr. 10. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

2. gr.

Staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals um váttryggingarsamninga.

Reglur þessar eru settar til að innleiða reglugerð (ESB) 2017/1469 frá 11. ágúst 2017 sem mælir fyrir um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals um váttryggingarafurð. Skal ákvæðum hennar fylgt við samningu og miðlun staðlaðs upplýsingaskjals um váttryggingarsamninga, sbr. 10. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1469 frá 11. ágúst 2017 um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals um váttryggingarafurð, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 304/2019 frá 13. desember 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 14 frá 5. mars 2020, bls. 58-59. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 31. mars 2021, bls. 3-7.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, öðlast þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi reglur Seðlabanka Íslands nr. 1411/2021 um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals vegna skaðatryggingar.

Seðlabanka Íslands, 11. febrúar 2025.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.